



Félag háskólakennara

3. fundur stjórnar Félags háskólakennara 2023/2024 haldinn miðvikudaginn 9. ágúst 2024 í aðalbyggingu HÍ, kl. 11:45

Fundinn sátu: Baldvin Zarioh formaður, Jens Guðmundur Hjörleifsson, Íris Hrönn Guðjónsdóttir, Haukur Logi Karlsson, Ármann Höskuldsson, Íris Davíðsdóttir og Jóna Margrét Ólafsdóttir. Arngrímur Vídalín boðaði forföll. Helga Birna Ingimundardóttir, ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 7. júní 2023.
 2. Starfsheiti nýdoptora, umsögn skal skilað 21. ágúst nk.
 3. Samráðsnefndarfundur um kjaramál 29. júní 2023. Undirritaðar breytingar á stofnanasamningi.
 4. Tölvupóstur frá GRJ 6. júlí sl. vegna tillögu um aðstoðarkennara.
 5. Kjaramál, gagnaöflun og undirbúningur.
- Ársmatsgreiðslur 2023, sbr. tölvupóst 23. júní 2023.
 - Tölvupóstar HF og HBI vegna bóknar um 0,1%,
 - Vinnumatssjóður 2023, upphæð.

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 7. júní 2023

Fundargerð samþykkt.

3. Samráðsnefndarfundur 29. júní sl.

Baldvin sagði frá fundinum. Breytingar voru undirritaðar á stofnanasamningi félagsins. Breytingar voru m.a. gerðar á kafla 2.4, töflur 2.2 og 2.4 í stofnanasamningi, kafla 4.1 vegna aðjúnkta II og nýjar greinar bættust við vegna þóknunar fyrir starfsfólk sem vinnur með líffræðilega skaðvalda. Rætt var um að mikilvægt væri að félagið ýti á gerð eyðublaðs vegna þessara nýju greina samningsins. Íris Hrönn ætlar að skoða skilgreiningar á skaðvöldum.

4. Aðstoðarkennari, nýtt starfsheiti

Félaginu barst póstur þann 6. júlí sl. frá HÍ með ósk um að starfsheitið „aðstoðarkennari“ verði bætti inn í skilgreiningu starfsheita í kafla 4.2 í stofnanasamningi félagsins, tímabundin störf. Málið rætt og því m.a. velt upp hver skilgreiningin á þessu nýja starfsheiti væri. Ákveðið var að félagið taki málið upp í samráðsnefnd HÍ og fái nánari skýringu á beiðninni.

2. Starfsheiti nýdoptora

Baldvin sagðist vera vanhæfur í málinu. Jens fylgdi eftir þessum dagskrárlið. Þann 27. júní sl. fékk félagið póst frá sviðstjóra vísinda- og nýsköpunarsviðs um að veita umsögn við tillögu að ramma við starfsheitið nýdoptor. Umsögn þarf að berast fyrir 21. ágúst nk. Málið rætt. Haukur Logi sagði frá sjónarmiðum FEDON í málinu og aðdraganda að skýrslu sem FEDON stóð að vegna þessa. Ákveðið var að Jens geri drög að umsögninni og sendi á stjórnarmenn til frekari skoðunar.

5. Kjaramál, gagnaöflun og undirbúningur

Frestað til næsta fundar sem verður haldinn þann 23. ágúst nk.

Önnur mál.

- Baldvin sagði frá niðurstöðu upphæða í ársmatssjóði, vinnumatssjóði og nýdoktorasjóði félagsins
- Íris Hrönn vakti athygli á niðurstöðum í kjarakönnun BHM vegna 2022, þar sem 24% félagsmanna sögðust hafa miklar eða jög miklar fjárhagsáhyggjur. Skýrt dæmi um að hagsmunir félagsins og HÍ fari saman í kjaramálum.
- Framkvæmdastjóra falið að boða stjórn og trúnaðarmenn félagsins á auka-aðalfund BHM. Félagið á alls 17 sæti.
- Jens ætlar að hafa samband við formann FPR vegna könnunar um vinnumatskerfið, sem félögin eru sammála um gera í haust.
- Íris D. óskar eftir því að félagið óski eftir tölulegum gögnum vegna veikindatíðni og starfsmannaveltu á næsta samráðsnefndarfundi.
- Framkvæmdastjóri sagði frá samskiptum við fjármálaráðuneytið vegna bókunar um 0,1% framlagsins.
- Rætt um að stjórn hittist fljótlega utan hefðbundinna stjórnarfunda, tillögur að dagsetningum verða sendar.

Fleira ekki gert, fundi lauk kl. 13:20.

Næsti fundur 23. ágúst 2023.